

Helstu niðurstöður aðalfundar Skaga hf. þann 27. mars 2025

Á aðalfundi Skaga hf. (Skagi) þann 27. mars 2025 voru samþykktar þær tillögur sem að neðan greinir.

Dagskrárliður 2

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Dagskrárliður 3

Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins og greiðslu arðs

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður sem nemur kr. 0,2637 á hlut fyrir árið 2024. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 500 milljón krónur að teknu tilliti til eigin bréfa. Arðsákvörðunardagur er 27. mars 2025 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 31. mars 2025 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 28. mars 2025 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 1. apríl 2025 (arðgreiðsludagur).

Dagskrárliður 4

Samþykkt starfskjarastefnu félagsins

Aðalfundur samþykkti starfskjarastefnu eins og hún var lögð fram af stjórn fyrir aðalfund. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

Dagskrárliður 5

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár vegna kaupréttarkerfis og niðurfellingu forgangsréttar þannig að bráðabirgðaákvæði II í núgildandi samþykktum félagsins verði bráðabirgðaákvæði I og hljóði með eftirfarandi hætti:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í áföngum um samtals allt að kr. 65.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins sem staðfest hefur verið af Skattinum í samræmi við 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og/eða til að mæta hlutabréfatengdum réttindum vegna kaupaukakerfis félagsins. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Heimildin gildir til 21. mars 2029, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hluthafar falla frá forgangsrétti að hinum nýju hlutum samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupgengi hlutanna og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við efni kaupréttarsamninga og samþykta kaupréttaráætlun. Stjórn félagsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við hlutafjárhækkun samkvæmt heimild þessari.“

Dagskrárliður 6

Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefninganefnd

Samþykkt var að mánaðarleg stjórnarlaun hækki um 3,5% á mánuði og verði kr. 507.000,- fyrir almennan stjórnarmann og að þóknun stjórnarformanns verði tvöföld sú fjárhæð. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu

sem nemur einum mánaðarlegum stjórnarlaunum í upphafi starfsárs og að auki kr. 137.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Föst mánaðarleg þóknun fyrir störf í undirnefndum stjórnar verði kr. 86.000,- á mánuði, en formenn nefnda fái greidda tvöfalda þóknun á við aðra nefndarmenn.

Þóknun fyrir störf í tilnefningarnefnd verði óbreytt, eða kr. 95.000 á mánuði og tvöföld þóknun fyrir formann nefndar.

Dagskrárlíður 7

Kosning stjórnar félagsins

Eftirfarandi aðilar voru sjálfkjörnir í stjórn félagsins fyrir næsta starfsár:

Aðalstjórn

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason

Hrund Rudolfsdóttir

Marta Guðrún Blöndal

Stefán Héðinn Stefánsson

Vilhjálmur Egilsson

Varastjórn

Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir

Sveinn Friðrik Sveinsson

Stjórn félagsins hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Stefán Héðinn Stefánsson og varaformaður er Vilhjálmur Egilsson.

Dagskrárlíður 8

Kosning endurskoðunarfélags

KPMG ehf. var kjörið endurskoðunarfélag Skaga.

Dagskrárlíður 9

Kosning tilnefningarnefnd félagsins

Tilnefningarnefnd félagsins fyrir næsta starfsár var sjálfkjörin, en hana skipa:

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Magnús Bjarnason

Dagskrárlíður 10

Kosning tilnefningarnefndar félagsins

Knútur Þórhallsson og Guðný Arna Sveinsdóttir voru kjörin nefndarmenn í endurskoðunarnefnd Skaga.

Dagskrárlíður 11

Tillögum um heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti svohljóðandi tillögu:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum, eða til og með 27. september 2026, hluti í félaginu, þannig að félagið ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Heimildin skal nýtt í þeim tilgangi i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun, iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.

Tilgangur endurkaupa skal eingöngu vera að lækka hlutafé útgefanda eða mæta skuldbindingu vegna kaupréttarsamninga á grundvelli kaupréttaráætlunar skv. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og til að mæta skuldbindingum vegna kaupauka í formi hlutabréfatengdra réttinda til starfsmanna skv. starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins.

Heimild til endurkaupa á eigin hlutum sem felur í sér lækun á gjaldþolsliðum félagsins er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði á Nasdaq Iceland, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil er þau eru gerð af viðskiptavaka skv. lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.“